

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 5.4.2016
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-105
0.5

Með erindi dags. 16. mars sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands, 102. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofa Íslands fagnar tillögu þessari. Flokkun sem þessi styrkir stoðir undir margvísleg verkefni er varða starfsemi stofnunarinnar og samstarfsverkefni hennar við aðrar stofnanir.

Nánari flokkun ræktunarlands, einkum greining milli áborins lands (grasrækt, akurlendi) og úthaga, mundi styrkja faglega greiningu á mögulegri ákomu næringarefna í grunnvatn og yfirborðsvatn. Ísland hefur undirgengist Vatnatilskipun Evrópusambandsins með innleiðingu laga um stjórn vatnamála. Nánari flokkun ræktunarlands mundi auðvelda verulega mat á mengunarálagi á vatn vegna áborinna næringarefna, styrkja gæðamat og gæðaflokkun vatns og minnka verulega tilkostnað vegna slíks mats.

Fram til þessa hefur Veðurstofan notað skráningu um gerð, flokkun og nýtingu úr ýmsum landfræðilegum gagnagrunnum, s.s. CORINE-verkefninu, kortagrunnum Landbúnaðarháskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt vatnagrunni Veðurstofunnar til slíkrar greiningar. Þessi leið til greiningar hefur reynst afar vel, en verkefnum sem þessum væri mjög mikill hagur í skýrari flokkun ræktunarlands og greiningu á landnotum.

Flokkun ræktunarlands mundi nýtast við greiningu á áhrifamætti flóða fyrir landbúnaðarstarfsemi og styrkja kostnaðargreiningu vegna slíkra atburða.

Virðingarfyllst



Theodór F. Hvarsson
staðgengill forstjóra VÍ